

Erindi til bæjarstjórnar vegna sorpflokkunar

Íbúasamtökin Átak í Dýrafirði fagna þeirri auknu meðvitund sem er orðin um umhverfismál og sorpflokkun, og hvetur bæði bæjarbúa sem og stofnanir bæjarins að gera sem best í þeim málum.

Vegna orðróms sem oft kemur upp um að flokkað sorp sé í sumum tilfellum sameinað eftir að það er sótt úr tunnum, óska samtökin eftir upplýsingum um það ferli sem á sér stað eftir að sorp er sótt frá heimilum, hvaða aðilar koma við sögu og hvort flokkað sorp sé nokkurstaðar í því ferli sameinað.

Með þessu er vonandi hægt að kveða þennan orðróm niður endanlega og sameinst um þetta mikilvæga mál. Einnig óska samtökin eftir því að það verði athugað með hvaða hætti sorpflokkun á sér stað hjá stofnunum bæjarins á svæðinu, s.s. dvalarheimili, höfn o.s.frv. þannig að staðfest sé að sveitarfélagið sýni íbúum gott fordæmi.

Til að auðvelda gestum okkar þ.e. ferðamönnum flokkun mætti koma fyrir við opnu gámana sem staðsettir eru undir vesturgafli íþróttahúss flokkunarleiðbeiningum bæði með myndum og lettri og hafa það á t.d. íslensku - ensku- þýsku. Einnig mætti bæta við glersöfnunarkari og staðsetja það nálægt planinu þar sem ruslahreinsunarbíllinn stoppar.

Nú líður að sumri og stór hluti eigna á Þingeyri eru nýttar sem frístundaíbúðir og sumarbústaðir. Íbúastamtökin óska eftir leiðbeiningum um hvernig þessi hópur eigi að haga sorpflokkun og losun og hvernig þeim leiðbeiningum sé hægt að koma til skila til þessa hóps.

Erindi til bæjarstjórnar vegna Orkubús Vestfjarða

Íbúasamtökin Átak í Dýrafirði skorar á bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að fara fram á það við Orkubú Vestfjarða að ljósastaurar á Þingeyri verði yfirfarnir og þeim viðhaldið. All flestir staurar þarfnast málningar og margir farnir að halla, sem þarf að rétta við.

Varðandi raforkuöryggi vilja íbúasamtökin hvetja til þess að sá rafstrengur sem lagður verður í gegnum Dýrafjarðargöngin og er nú þegar kominn í jörð að gangnamunna, verði beintengdur við Þingeyri strax við opnun gangnanna, og tryggt verði að það tefjist ekki.

Erindi til bæjarstjórnar vegna viðhalds á fasteignum bæjarins

Íbúasamtökin skora á bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að bærinn standi betur að viðhaldi eigna sinna á Þingeyri og sýni í verki bjartsýni og trú á samfélagið, en sé ekki eftirbátur annarra við viðhald eins og nú er.

Vilja samtökin meðal annars benda á:

- Málun Fjarðargötu 30
- Viðhald þaks á fyrrverandi ráðhúsi
- Málun og ytri lagfæring á dvalarheimilinu Tjörn
- Viðhald á félagsheimili

Erindi til bæjarstjórnar vegna gerð göngustíga

Íbúasamtökin óska eftir upplýsingum um stöðu mála varðandi gerð göngustíga í Dýrafirði.

Erindi til bæjarstjórnar vegna "gamla kaupfélagið".

Líkt og rætt var um á íbúapingi Allra vatna til Dýrafjarðar þá telja íbúasamtökin að æskilegt væri að gamla kaupfélagið færi aftur í nýtingu, en þetta hús getur komið samfélaginu til góða á margan hátt og einnig bráðvantar að bjarga því frá algjörri niðurníðslu. Eins og sakir standa er húsið Þingeyri ekki til framdráttar.

Húsið er í eigu Ísafjarðarbæjar og hefur Marzelíus Sveinbjörnsson umsjónamaður fasteigna Ísafjarðarbæjar lýst því að Ísafjarðarbær þurfi að fá sameinaða tillögu frá Þingeyringum um nýtingu hússins til að hafist verði handa við umsóknir styrkja o.fl vegna fyrirhugaðra framkvæmda við húsið.

Íbúasamtökin vilja því hnykkja á að farið verði í undirbúning þessa máls.